



# FRÍ2B05 – Frítímafræði

Námsáætlun, haustönn 2020

<b>Kennari/kennarar:</b> Anna Margrét Tómasdóttir	<b>Netfang/netföng:</b> anna.tomasdottir@borgo.is
--	--

## Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur um gildi frístundastarfs fyrir börn og ungmenni. Fjallað verður um tækifæri til formlegs og óformlegs uppeldis og menntastarfs í tengslum við frítímafræði. Hvernig er hægt að virkja samfélagshópa sem af ýmsum ástæðum taka ekki þátt í hefðbundnu frístundastarfi. Fjallað verður um jafnrétti m.t.t. stéttar, kyngevris, kynþáttar og fötlunar. Gerð er grein fyrir frístundastarfi í forvarna- eða endurhæfingarskyni. Farið er yfir þætti sem einkenna viðfangsefni í starfi með sérhópa og hópastarf út frá forvörnum og lýðheilsu. Gerð er grein fyrir einkennum og algengustu orsökum félagslegrar einangrunar og áhrifum hennar á einstaklinga og samfélagshópa, blöndum sem aðferð í hópastarfi, íhlutun og meðferð.

## Þekking, leikni, hæfni:

### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Búðir og útinámi

Gildi frístundastarfs fyrir börn og ungmenni

Hvernig er að hagnýta frítímafræði til uppeldis og menntastarfs

Fjölbreytileika og jöfnun tækifærum fyrir alla

Þeim samfélagshópum sem ekki taka þátt í hefðbundnu frístundastarfi, einkennum þeirra og sérstöðu með hliðsjón af lögum og sértækri þjónustu

Frístundastarf í forvarna- og endurhæfingarskyni

Helstu hindrunum fyrir þátttöku í frístundastarfi, s.s. félagslegri einangrun

Blöndun, íhlutun og meðferð í hópastarfi í sér- og áhættu

hópum

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Ræða og greina leiðir við uppsetningu frístundastarfs fyrir börn og ungmenni út frá fjölbreyttum markmiðum.

Finna leiðir til að setja upp fjölbreytt frístundastarf með jafnrétti að leiðarljósi

Afla upplýsinga um frístundastarf sem stendur börnum og ungmennum til boða

Skipuleggja mismunandi frístundastarf í forvarna- og endurhæfingarskyni

Sjá leiðir fram hjá hindrunum í tengslum við frístundastarf

### Hæfniviðmið, nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Setja upp viðfangsefni í frístundastarfi sem metir er með verkefnum og kynningu

Skipuleggja frístundastarf út frá jöfnum tækifærum og fjölbreyttum markmiðum sem metið er með leiðsagnarmati, umræðum og verkefni.

Gera grein fyrir þeim sér- og áhættuhópum samfélagsins sem ekki taka þátt í hefðbundnu félagstarfi á vettvangi frítímans sem metið er með skriflegum verkefnum og kynningu.

Setja fram kynningarefni um félagsstarf í frítíma fyrir börn og ungmenni sem metið er með

jafningjamati og kynningu.

Gera áætlun um frístundastarf í forvarnar- og endurhæfingarskyni sem metið er með áætlun.

Örva frístundastarf meðal einangraðra samfélagshópa sem metið er með áætlun og kynningu

Búa til áætlanir um frístundastarf fyrir mismunandi sér -og áhættuhópa sem metið er með umræðum og verkefni.

#### Námsmat:

Nemendur skila inn verkefnum sem hér segir (70%)

- Viðtal (10%)
- Vettvangsheimsókn og kynning– jaðarhópar (10%)
- Blaðgrein (10%)
- Mitt eigið frístundaverkefni (20%)
- Ritgerð (20%)

Virkni og þátttaka (30%)- Ástundun og þátttaka er mikilvægur þáttur í náminu, í þessu felst meðal annars að mæta vel undirbúin(n) í tíma og með jákvætt viðmót. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum. Heildarfjarvistir mega ekki fara yfir 10% ef ljúka á áfanganum á fullnægjandi hátt.

#### Námsgögn:

Öll námsgögn eru að finna á netinu og Innu-síðu áfangans. Mikilvægt er að nemendur hafi góða yfirsýn og séu vel undirbúnir fyrir kennslustundir.

Gott að byrja hér:

[http://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/fristundir\\_og\\_fagmennska\\_utgafa.pdf?fbclid=IwAR0-03XIIQdeUaL7jErVy7\\_GxrM0D5Eo1r3SOzN5X-yjROnMkXPkxpSu87w](http://menntavisindastofnun.hi.is/sites/menntavisindastofnun.hi.is/files/fristundir_og_fagmennska_utgafa.pdf?fbclid=IwAR0-03XIIQdeUaL7jErVy7_GxrM0D5Eo1r3SOzN5X-yjROnMkXPkxpSu87w)

Mappa til að geyma í náms gögn í, stílabók og pennaveski.

#### Aðrar mikilvægar upplýsingar:



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Velkomin	
35	24.-28. ágúst	Búðir	
36	31.ág.- 4. sept.	Formlegt og óformlegt nám	
37	7.-11. sept.	Virk þátttaka	
38	14.-18. sept.	Jaðarhópar	
39	21.-25. sept.	Tengingin við staðinn sem við erum á	
40	28.sept- 2. okt.	Jafnrétti	Varða I
41	5.-9. okt.	Vettvangsheimsóknir	
42	12.-16. okt.	Vettvangsheimsókn	
43	19.-23. okt.	Nemendakynningar	Hauðhlé
44	26.-30. okt.	Seigla	
45	2.-6. nóv.	Forvarnir og lýðheilsa	Varða II
46	9.-13. nóv.	Félagsleg einangrun	
47	16.-20. nóv.	Sérstakur stuðningur	
48	23.-27. nóv.	Nemendakynningar	
49	30.nóv.- 4. des.	Samantekt	
50	7.-11. des.	Námsmat og vinna	Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*